



## IBM System/36



- Fjölskylda miðtölva
- Öflugur hugbúnaðarstuðningur
- Mikil markaðshlutdeild

**System/36**, var arftaki **System/34** tölvanna og kom fyrst á markaðinn 1983, gerð **5360 (stóra s/36)** og síðan kom strax árið eftir (1984), gerð **5362** eða **compact S/36** og árið þar á eftir (1985), gerð **5364** eða **PC 36** eins og hún var nefnd.



**System/36** var mjög svipaðrar gerðar og **System/34** tölvurnar höfðu verið en voru tæknilega fullkomnari á ýmsan hátt. Sem dæmi má nefna að gagnagrunnur **System/36** var með lyklaðar "index" skrár sem var mikli framför. Einnig höfðu þær breiðara verð- og getusvið, bæði voru þær öflugri en einnig komu minni gerðir á markaðinn s.s. **PC36** gerðin. Aukinn stuðningur var við IBM PC tölvur og voru þær mikið notaðar sem jaðartæki við **System/36**.

Alls seldust á árunum 1983-86 um 360 **System/36** tölvur. Þetta þýðir að settar voru upp um 8-10 tölvur í hverjum mánuði á þessum 3 árum. Þessar tölvur voru með frá 5 til 50 jaðartæki og segja má að hér hafi orðið sprenging í tölvuvæðingu landsins.

Á þessum árum varð markaðshlutdeild IBM hér á landi ráðandi og hátindur miðtölva IBM í markaðslegu samhengi. Þetta var hægt með miklu framboði af hentugum hugbúnaði og öflugu samstarfi starfsmanna hugbúnaðarfyrirtækja og sérfræðinga IBM ásamt því að **System/36** hentaði íslenskum aðstæðum mjög vel.

Seinna komu fram fleiri gerðir af **System/36** s.s. gerð **5363** og **Advanced/36** en þá var tími IBM **AS/400** runnin upp og tími **System/36** útrunninn. Þessar gerðir seldust því ekki í miklu mæli.